



Nýskipan í starfi lögreglu og sýslumanna

Hinn 2. júní 2006 samþykkti Alþingi samhljóða ný lög nr. 46/2006 sem kveða á um breytingar á skipulagi lögreglunnar og er þar bæði litið til innra skipulags og hins ytra. Megintilgangur laganna er að efla og bæta löggæsluna í landinu og gera hana betur í stakk búna gagnvart nýjum kröfum. Lögin gengu í gildi 1. janúar 2007.

Samþykkt þessara laga er lokaáfanginn í nýskipunaráætlun Björns Bjarnasonar dóms- og kirkjumálaráðherra sem hófst á árinu 2003, þegar ráðherra fól sérstakri verkefnisstjórn að gera tillögu að nýju skipulagi í löggæslumálum þar sem yrði haft að leiðarljósi að efla löggæslu og ákærvald til þess að gera þeim kleift að eiga í fullu tré við þá sem gerðust brotlegir við lögin, og standa þeim helst feti frammar. Var vikið sérstaklega að vaxandi umfangi efnahagsbrota og beitingu rafrænna aðferða við framkvæmd þeirra brota og áréttað að þörf fyrir sérmenntað fólk til rannsókna á nýjum tegundum afbrota yrði sífellt meiri. Þá var lögð á það áhersla í skipunarbréfinu að búnaður, menntun og tæki lögreglu yrðu í samræmi við markmið og kröfur á hverjum tíma og þjálfun sveita lögreglumanna ætti að taka mið af verkefnum og áhættu sem þeir yrðu oft að taka í mikilvægum störfum sínum.

Næsta skref var stigið 1. mars 2004 er dóms- og kirkjumálaráðherra ákvað að stórefla sérsveit lögreglunnar og færa stjórn hennar frá einstökum lögreglustjórnum til ríkislögreglustjóra.

Verkefnisstjórn um nýskipan lögreglumála skilaði niðurstöðum sínum í ársbyrjun 2005 og var það megintillaga hennar að stækkun lögregluumdæma og sameining liða yrði best fallin til þess að efla styrk lögreglu og gera henni betur kleift en ella að sinna erfiðum verkefnum. Lagði verkefnisstjórn til að flest lögregluumdæmi yrðu stækkuð til muna og þau yrðu fimm til sjö talsins. Væri þessi leið ekki fær ætti að stuðla að stórauðinni samvinnu og samstarfi einstakra lögregluembættanna.

Í maí 2005 skipaði Björn Bjarnason dóms- og kirkjumálaráðherra þriggja manna

framkvæmdanefnd til að útfæra nánar tillögur verkefnisstjórnar í samræmi við niðurstöður umræðna um þær á vettvangi lögreglumanna og sýslumanna. Skyldi framkvæmdanefndin móta tillögur um fjölda, stærð og stjórn lögregluumdæma og lagði dómsmálaráðherra áherslu á að markmiðið með stækkun lögregluumdæma væri að auka og efla þjónustu lögreglu við íbúa landsins, styrkja ætti lögreglu á öllum sviðum, bæði almenna löggæslu og rannsóknir sakamála. Í því fælist m.a. að unnt yrði að halda úti sólarhringsvakt lögreglu víðast hvar á landinu og öflugum rannsóknardeildum sem sinntu rannsóknum flókinna mála alls staðar á landinu.

Framkvæmdanefndin skilaði tillögum um breytingar á skipulagi löggæslu í lok október 2005. Lagt var til að lögregluumdæmi í landinu yrðu fimmtán talsins, þar af sjö sem ábyrgð bæru á rannsókn og saksókn stórra og flókinna mála. Þessi embætti skyldu einnig bera ábyrgð á því að samræma vaktkerfi lögregluembættanna á sínu starfssvæði, í þeim tilgangi að tryggja aukna og sýnilegri löggæslu en áður. Framkvæmdanefndin taldi að með þessari skipan yrðu rannsóknir sakamála betri, markvissari og öflugri alls staðar á landinu, sýnileg löggæsla mundi aukast og unnt yrði að halda úti sólarhringsvöktum lögreglu víðar á landinu.

Tillögur framkvæmdanefndarinnar voru kynntar og ræddar á fundum um land allt með lögreglustjórnum, lögreglumönnum og sveitarstjórnarmönnum. Að lokinni fundalotunni skilaði nefndin ráðherra framhaldsskýrslu með nokkrum breytingum á upphaflegum tillögum sínum, í samræmi við athugasemdir og sjónarmið sem fram höfðu komið í framangreindu kynningarferli. Á þessum langa umræðu- og samráðstíma voru tillögur um málið jafnan aðgengilegar á vefsíðu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins enda mikil áhersla verið lögð á að eyða ágreiningsatriðum í því skyni að tryggja sem mesta og besta samstöðu um skynsamlegustu úrræðin til að auka öryggi borgaranna með

öflugri og betri löggæslu.

Hinn 3. janúar 2006 kynnti dóms- og kirkjumálaráðherra ríkisstjórn drög að ákvörðun sinni um nýskipan lögreglumála og 10 febrúar 2006 lagði ráðherra fram frumvarp um breytingar á lögreglulögum, og lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði. Lögin voru samþykkt samhljóða 2. júní 2006.

Dóms- og kirkjumálaráðherra fól Ólafi K. Ólafssyni, sýslumanni Snæfellinga, að fylgja eftir framkvæmd þessara víðtæku breytinga á skipulagi lögreglunnar og lögreglumála, í samvinnu við ríkislögreglustjóra og í nánú samráði við lögreglustjóra, lögreglumenn, sýslumenn og sveitarstjórnir. Forystumenn Landssambands lögreglumanna tóku einnig virkan þátt í því að hrinda hinu nýja skipulagi í framkvæmd.



Helstu breytingar á starfsumhverfi lögreglu og sýslumanna sem kveðið er á um í hinum nýju lögum eru þessar:

Nýskipan í starfi lögreglu Greiningardeild ríkislögreglustjóra. Breytingar á lögregluumdæmum: Rannsóknardeildir Saksókn í efnahagsbrotum. Nýjar reglugerðir og skipurit.

Ný verkefni sýslumanna

Nýskipan í starfi lögreglu

1. Greiningardeild ríkislögreglustjóra.

Greiningardeild ríkislögreglustjóra er ætlað að rannsaka landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins og ædstu stjórnvöldum þess og leggja mat á áhættuvegna hryðjuverkaogafskipulagðri glæpastarfsemi. Dóms- og kirkjumálaráðherra er heimilt að stofna greiningardeild við önnur embætti lögreglustjóra, ef sérstök rök standa til þess.



Nýskipan í starfi lögreglu (frh.)

2. Breytingar á lögregluumdæmum:

Lögregluumdæmin eru 15 talsins í stað 26 áður. Á flestum stöðum fara sýslumenn einnig með lögreglustjórn. Lögreglustjórum er ætlað að stuðla að samræmdu vaktkerfi lögreglumanna innansins umdæmis og næstu umdæma. Dóms- og kirkjumálaráðherra gaf í desember 2006 út reglur [nr. 1053/2006 um samvinnu lögregluembættu](#). Breytingin á lögregluumdæmunum leiðir ekki til þess að lögreglustöðvum sé lokað.

1. Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

fer með lögreglustjórn á svæði sem nær yfir Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstað, Mosfellsbæ, Kjósarhrepp, Kópavog, Garðabæ, Hafnarfjörð og sveitarfélagið Álftanes. Þetta er nýtt embætti sem tekur til svæðis er féll áður undir lögreglustjórn í Reykjavík, sýslumanninn í Kópavogi og sýslumanninn í Hafnarfirði.

Lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins er Stefán Eiríksson

2. Lögreglustjórinn á Suðurnesjum, sem er jafnframt sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli, fer með lögreglustjórn á svæði sem nær yfir Grindavík, Sandgerði, sveitarfélagið Garð, Reykjanesbæ og sveitarfélagið Voga auk varnarsvæða. Lögreglustjórinn á Suðurnesjum fer því einnig með lögreglustjórn sem sýslumaðurinn í Keflavík hafði áður.

Lögreglustjóri Suðurnesja er Jóhann Benediktsson.

3. Sýslumaðurinn í Borgarnesi fer nú einnig með lögreglustjórn sem áður tilheyrði sýslumanninum í Búðardal.

Lögreglustjórinn í Borgarnesi er Stefán Skarphéðinsson.

4. Sýslumaðurinn á Ísafirði fer nú einnig með lögreglustjórn í umdæmum sýslumanna á Patreksfirði, í Bolungarvík og á Hólmavík.

Lögreglustjórinn á Vestfjörðum er Kristín Völundardóttir.

5. Sýslumaðurinn á Akureyri fer nú einnig með lögreglustjórn í umdæmi sýslumansins á Siglufirði.

Sýslumaðurinn á Akureyri er Björn Jósef Arnviðarson.


6. Sýslumaðurinn á Eskifirði fer nú einnig með lögreglustjórn í umdæmi sýslumansins á Höfn.

Sýslumaðurinn á Eskifirði er Inger L. Jónsdóttir.

7. Sýslumaðurinn á Hvolsvelli fer nú einnig með lögreglustjórn í umdæmi sýslumansins í Vík.

Sýslumaðurinn á Hvolsvelli er Kjartan Þorkelsson.

Lögreglustjórn er óbreytt hjá sýslumönnum á Akranesi, Stykkishólmi, Blönduósi, Sauðárkróki, Húsavík, Seyðisfirði, í Vestmannaeyjum og sýslumanni Snæfellinga.



Nýskipan í starfi lögreglu (frh.)

3. Rannsóknardeildir

Í þeim tilgangi að efla og styrkja rannsóknir lögreglu á sakamállum og byggja upp nauðsynlega þekkingu og sérhæfingu á því sviði er ákveðið í hinum nýju lögum að rannsóknir stórra og flókinna mála skuli færast í hendur sérstakra rannsóknardeilda sem starfræktar eru við eftirtalin 7 lögregluembætti:

- 1) lögregluembættið á höfuðborgarsvæðinu,
- 2) lögregluembættið á Akranesi,
- 3) lögregluembættið á Vestfjörðum,
- 4) lögregluembættið á Akureyri,
- 5) lögregluembættið á Eskifirði,
- 6) lögregluembættið á Selfossi og
- 7) lögregluembættið á Suðurnesjum.

Lögreglustjórar í framantöldum umdæmum bera ábyrgð á rannsókn og saksókn stórra og flókinna mála.

Í samræmi við ákvæði laganna og tillögur ríkissaksóknara gaf dóms- og kirkjumálaráðherra í lok desember 2006 út [reglugerð nr. 1130/2006 um stjórn lögreglurannsóknna, rannsóknardeildar og samvinnu lögreglustjóra við rannsókn opinberra mála](#).

Rannsóknadeildirnar annast rannsóknir meiri háttar brota s.s. manndrápa, rána, kynferðisbrota, brenna, alvarlegra fíkniefnabrota, alvarlegra líkamsárása,

alvarlegra fjármunabrota, alvarlegra slysa og meiri háttar eldsvoða. Auk þess skulu rannsóknardeildir annast rannsókn brota telji lögreglustjóri, þar sem brot er framið, að rannsókn þess muni vera umfangsmikil og taka langan tíma.

4. Saksókn í efnahagsbrotum.

Í desember 2006 gaf dóms- og kirkjumálaráðherra gaf út nýja reglugerð [nr. 1050/2006 um rannsókn og saksókn efnahagsbrota](#)

5. Nýjar reglugerðir og skipurit.

Dóms- og kirkjumálaráðherra hefur staðfest ný skipurit fyrir eftirtalin lögregluumdæmi: [Höfuðborgarsvæðið](#), Borgarnes (til bráðabirgða), Vestfirði, Akureyri, Eskifjörð og Hvolsvöll.

Þáhefurdóms-ogkirkjumálaráðherrastaðfest skipurit fyrir embætti ríkislögreglustjóra.

Dóms- og kirkjumálaráðherra hefur gefið út eftirtaldir reglur og reglugerðir samkvæmt ákvæðum nýsamþykktar breytinga á lögreglulögum:



Hörður Jóhannesson aðstoðarlögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, Björn Bjarnason og Stefán Eiríksson lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins við kynningu á nýju embætti lögreglu höfuðborgarsvæðisins

- [REGLUGERÐ nr. 1130/2006 um stjórn lögreglurannsóknna, rannsóknardeildar og samvinnu lögreglustjóra við rannsókn opinberra mála](#).
- [REGLUR nr. 1053/2006 um samvinnu lögregluembættanna](#).
- [REGLUGERÐ nr. 1052/2006 um lögregluskilríki og notkun þeirra](#).
- [REGLUGERÐ nr. 1051/2006 um starfsstig innan lögreglnnar](#).
- [REGLUGERÐ nr. 1050/2006 um rannsókn og saksókn efnahagsbrota](#).
- [REGLUGERÐ nr. 8/2007 um einkennisbúninga og merki lögreglnnar](#)

Ný verkefni sýslumanna

Við gildistöku nýs skipulags lögreglnnar í landinu, fluttist lögreglustjórn frá 11 sýslumannsembættum.

Í þeim tilgangi að efla starfsemi þeirra sýslumannsembættanna sem fara ekki lengur með lögreglustjórn ákvað Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra, að flytja ýmis verkefni úr dóms- og kirkjumálaráðuneytinu í Reykjavík og verður þeim framvegis sinnt hjá sýslumannsembættum, víða á landinu sem hér segir:

Útgáfa Lögbirtingarblaðsins og veiting leyfa fyrir rekstur útfararþjónustu verður hjá sýslumanninum í Vík.

Framkvæmd laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt sérstakri skipulagsskrá verður hjá sýslumanninum á Sauðárkróki.

Skrá um kaupmála fyrir landið allt verður hjá sýslumanni Snæfellinga í Stykkishólmi.

Veiting leyfa til ættleiðingar verður hjá sýslumanninum í Búðardal.

Veiting happdrættisleyfa verður hjá sýslumanninum á Hvolsvelli.

Löggilding fasteigna-, fyrirtækja-, og skipasala verður hjá sýslumanninum í Hafnarfirði.

Löggilding dómtúlka og skjalapýðenda verður hjá sýslumanninum á Hólmavík.

Áður hafði ráðherra ákveðið, að Innheimtumiðstöð sekta- og sakarkostnaðar yrði hjá sýslumanninum á Blönduósi, málefni bótanefndar yrðu hjá sýslumanninum í Siglufirði og útgáfa vegabréfa hjá sýslumanninum í Keflavík. Sýslumaðurinn í Kópavogi annast meðferð gjafsóknarmála.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hugar að flutningi fleiri verkefnum til sýslumannsembættanna eftir því, sem tilefni gefast og lög heimila.